

UMFERÐARÖRYGGI LEIKSKÓLABARNA



Helstu atriði

ÁBYRGÐ FORELDRA

- Barnið á ekki að festa sig sjálft í barnabílstól og bílbelti.
- Akið aldrei af stað nema þið séuð búin að tryggja að barnið sé örugglega fest.
- Látið barnið alltaf út úr bíl við gangstéttarbrún - ekki út á götuna.
- Þegar bíl er lagt á bílastæði við verslanir eða í bílastæðahúsum má aldrei sleppa hendi af barninu.

Samkvæmt umferðarlögum bera öikumenn ábyrgð á að börn 15 ára og yngri noti viðeigandi öryggisbúnað eins og barnabílstól, bílpúða og öryggisbelti. Sjá nánar í reglugerð um notkun öryggis- og verndarbúnaðar í ökutækjum.

BARNIÐ SEM VEGFARANDI

- Ung börn mega aldrei vera ein í umferðinni án umsjónar og eftirlits fullorðinna.
- Barnið hefur ekki jafngóða yfirsýn og fullorðnir.
- Barnið sér einungis afmörkuð atriði í umferðinni en ekki aðstæður eða umhverfi í heild.
- Barnið á erfitt með að meta fjarlægð, hraða og stærð bíla og úr hvaða átt hljóð berast.
- Ekki er víst að ung börn skilji orð og orðatiltæki sem notuð eru um umferð.

Framhald á baksíðu

UMFERÐARÖRYGGI LEIKSKÓLABARNA

2

LEIÐBEININGAR UM UMFERÐARÖRYGGI LEIKSKÓLABARNA

Fræðsla og fræðsluefni

UMFERÐARFRÆÐSLA Í LEIKSKÓLUM

Börn þurfa að kynnast umferðinni og læra umferðarreglur undir leiðsögn foreldra um leið og þau hafa þroska til. Það er hluti af þroskaferlinu að verða þátttakendur í umferðinni og þess vegna þarf að leggja áherslu á þær reglur sem gilda og að börnin gæti varúðar í umferðinni.

Leikskólabörn mega aldrei vera ein á ferð án fylgdar fullorðinna. Umfjöllun um umferðarfræðslu ætti að vera í skólanámskrá leikskóla og tengjast náminu.

Finna má upplýsingar um umferðarfræðslu fyrir börn á heimasíðu Samgöngustofu www.samgongustofa.is og inn á síðunni www.umferd.is

UMFERÐARSKÓLINN - KÁTAGATA

Umferðarskólinn er samstarfsverkefni Samgöngustofu og allra sveitarfélaga landsins. Öll börn á aldrinum þriggja til sjö ára fá fræðsluefni skólans sent heim endurgjaldslaust tvisvar til fjórum sinnum á ári.

Mikilvægt er að foreldrar lesi fræðsluefnið með börnum sínum og fræði þau.

UMFERÐARSKÓLI 5 OG 6 ÁRA BARNNA Í LEIKSKÓLUM

Samgöngustofa og sveitarfélög víða um land standa að umferðarskóla fyrir 5 og 6 ára börn. Elsti árgangur leikskólanna eru heimsóttir á vorin og er þá rætt um hjólreiðar, leiðina í skólann og umferðarreglur.

Áhersla er lögð á fræðslu um hjólreiðar og mikilvægi hjálmanotkunar. Þar er bent á að börnum 15 ára og yngri sé skylt að nota hjálm. Einnig er lögð áhersla á öryggi barnsins sem gangandi vegfaranda, öryggisbúnað fyrir börn í bílum og ýmislegt fleira.

HLUTVERK FORELDRA, SKÓLA OG SVEITARFÉLAGA

Börn læra af því sem þau sjá og heyra. Verið því ætíð góð fyrirmynd en best læra börnin þegar þau fá tækifæri til að reyna sjálf.

Einkunnarorðin „að vita, skilja og geta“ eiga hér vel við. Aukum umferðaröryggi barna með því m.a. að benda viðkomandi yfirvöldum á hvar úrbóta er þörf.

Forráðamenn sveitarfélaga þurfa að huga vel að umferðarhraða í nágrenni við leikskóla. Tryggja þarf að bílastæði, sleppistæði og allar aðstæður við leikskóla séu öruggar.